



# Skattastefna

## Tilgangur

Skattastefna tilgreinir markmið Beru í skattamálum og tryggir að félagið standi við skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum, auk þess að tilgreina helstu skattaáhættur Beru og viðbrögð við þeim. Þessi stefna nær til allrar starfsemi innan samstæðu Beru. Stefnan á við um alla skatta sem eiga við um samstæðuna, bæði beina og óbeina, líkt og tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslur, áfengisgjöld, skilagjöld, virðisaukaskatt o.fl.

## Stefna

Bera leggur áherslu á tímanlegar og réttmætar skattgreiðslur sem hluti af heiðarlegri og sjálfbærri rekstrarstefnu. Fyrirtækið greiðir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur, með það að markmiði að lágmarka skattaáhættu, sem getur skapast vegna óvissu í túlkun eða framkvæmd skattalaga, og tryggja þannig fjárhagslegt öryggi og gott orðspor.

Skattaáhætta er lágörkuð með faglegri þekkingu starfsmanna og góðu aðgengi að ytri ráðgjöf og sérfræðingum, líkt og endurskoðendum og lögfræðingum, þegar sérstök álitamál koma upp. Öll viðskipti milli félaga innan samstæðu Beru og við önnur tengd félög fylgja armslengdarreglunni sbr. reglugerð nr. 1180/2014 um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila og 3. mgr. 57. gr. laga nr. 97/2003 um tekjuskatt.

Bera veitir upplýsingar í ársreikningum samstæðunnar um helstu liði við útreikning á tekjuskattsskuldbindingum og greidda skatta tímabilsins.